

Terra umhverfisþjónusta hf.  
Berghella 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 6. janúar 2023  
UST202202-323/G.S.O.  
08.14.02

### **Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. nóvember 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti í spilliefna- og raftækjamóttöku Terra, umhverfisþjónustu á Akureyri þann 5. október 2022. Frestur var veittur til 23. nóvember 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Mælingar á frárennslisvatni voru ekki framkvæmdar fyrir 1. október 2022. **Mælingar hafa nú borist stofnuninni og frávikinu því lokið.**
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Gögn sem átti að senda til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí 2021 og 1. maí 2022, hafa ekki borist. **Gögn, sem óskað var eftir, hafa nú borist stofnuninni og frávikinu því lokið.**
3. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi vegna árána 2020 og 2021 var ekki skilað á tilskildum tíma. **Frávikinu var lokað með bréfi 1. nóvember 2022.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur